

2. Kirkjutekjur úr hinni væntanlegu Keflavíkursókn tilfalla frá 1. janúar 1906 Keflavíkurkirkju, sem skal vera komin upp ekki síðar en 1. janúar 1910. 89
3. Eignum og skuldum núverandi Útskálasafnaðar skal frá 1. janúar 1906 að telja skipt þannig, að Útskálakirkja heldur öllum áhöldum sínum, en væntanleg Keflavíkurkirkja þeim munum, sem óseldir eru frá kirkju þeirri, sem byrjað var að reisa þar. Sjóði og skuldum Útskálakirkju skal skipt milli hinna nýju sókna eptir því hlutfalli, að í hlut Útskálasóknar komi 56 af hundraði, en 44 í hlut Keflavíkursóknar.
4. Kirkjutekjur Keflavíkurkirkju skulu, þangað til kirkjan er komin upp, leggjast í hinn almenna kirkjsjóð, að svo miklu leyti sem þeim eigi verður varið til að greiða þann hluta kirkjuskuldarinnar, sem kemur í hlut Keflavíkursafnaðar.
5. Þangað til Keflavíkurkirkja er fullger, eiga þó Keflavíkursóknarmenn kirkjusókn að Útskálum.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um sveitfesti þurfalings. 90
19. oktbr.

Eptir að stjórnarráðinu hefir borizt brjef yðar, herra sýslumaður, dags. 13. júlí þ. á., þar sem þjer látið í tje álit yðar um áfrýjun hreppsnefndarinnar í Reykhólahreppi á úrskurði yðar, dags. 17. febr. þ. á., er ákveður að Jón Björnsson á Hyrningsstöðum skuli teljast sveitlægur í tjeðum hreppi, hefir stjórnariáðið í dag lagt svofelldan úrskurð á málið.

Málavextir eru þessir:

Jón Björnsson fluttist vorið 1887 að Svarfhóli í Geiradalshreppi, og var þá viðurkenndur að vera sveitlægur í Reykhólahreppi; á Svarfhóli dvaldi hann þangað til vorið 1896 áu þess að hann á því tímabili þægi af sveit, en nefnt vor var honum byggt út af Svarfhóli og leitaði hann þá aðstöðar hreppsnefndar Reykhólahrepps og beiddist þess, að sjer væri útvegað jarðnæði, en þá var fyrir fógetarjetti gjör samningur milli hreppsnefndaroddvitanna í hinum tveim framannefndu hreppum og Jóns Björnssonar á þá leið, að Jón skyldi fá að vera kyr á Svarfhóli fardagaárið 1896—1897, gegn því að þetta ár skyldi ekki teljast með sveitfestistíma Jóns í Geiradalshreppi og því, að hreppssjóður Reykhólahrepps skyldi ábyrgjast, að ábúðarjörð Jóns yrði afhent í löglegu ástandi vorið 1897. En það var fluttist Jón frá Svarfhóli til Reykhólahrepps og hefir dvalið þar síðan. Vorið 1904 varð hann styrksþurfi af sveitarfje og var því farið að leitast fyrir um sveitfesti hans.

90
19. októbr. Stjórnarráðið verður að vera yður samdóma um að Jóni Björnssyni hafi verið ráðstafað sem þurfalangi Reykhólahrepps vorið 1896, þar sem hann hafði beiðzt styrks af fátækrafje hreppsins, og oddviti fyrir hreppsnefndarinnar hönd, samkvæmt þeirri beiðni, ráðstafaði heimilisfangi hans og tókst á hendur ábyrgð á því, að býli hans yrði skilað í löglegu standi, og það hafi þá þýðing, að sveit-festisdvöl hans í Geiradalshreppi hafi þá slitnað.

Samkvæmt þessu er hjermeð staðfestur úrskurður yðar um að nefndur Jón Björnsson skuli teljast sveitlægur í Reykhólahreppi.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar fyrir hreppsnefndunum í Reykhólahreppi og Geiradalshreppi.

91
18. sept.

Anglýsing

um

skilyrði til bráðabirgða fyrir styrkveitingu úr landssjóði til unglingskóla.

1. Kennslan verður að fara fram í sæmilega góðum húsakynnum, svo að heilsu unglínganna sje eigi misboðið af skorti á ljósi, lopti nje hita.
2. Við kennsluna verður að hafa allranauðsynlegustu kennsluáhöld, svo sem landabryjef, jarðlíkan, náttúrufræðismyndir.
3. Kennslunni sje hagað eftir reglugjörð, sem stjórnarráðið hefir samþykkt.
4. Skólinn standi að minnsta kosti 5 mánuði ársins samfleytt, og njóti kennslu að minnsta kosti 12 unglíngar allan kennslutímann í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru.
5. Í lok skólaársins sje haldið próf að viðstöddum 2 prófdómendum, er sýslunefnd kýs.
6. Umsóknarbrjefum til stjórnarráðsins um styrk úr landssjóði til unglingskóla skal fylgja skýrsla um kennsluna og prófið, svo og um skólahúsið og kennsluáhöld, og eiga prófdómendur að rita nöfn sín á hana til staðfestingar ásamt kennurunum.

Í stjórnarráði Íslands, 18. septbr. 1906.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.